

Menningar, -íþrótt- og tómstundaráð Reykjanesbæjar (MÍT)
og
Skátafélagið Heiðabúar
gera með sér eftirfarandi þjónustusamning:

1. Tilgangur og markmið.

Með samningi þessum er kveðið á um áherslur varðandi skátastarf í Reykjanesbæ og gagnkvæmar skyldur Reykjanesbæjar og Heiðabúa varðandi útfærslu á barna- og unglingastarfi og öðru starfi á vegum skátafélagsins. Með samningnum er mótuð stefna í framkvæmd barna- og unglingastarfs á vegum félagsins á gildistíma samningsins. Sýna skal fram á árangur af starfseminni í ársskýrslu með samanburði við upphafleg markmið.

2. Hlutverk.

Skátafélagið Heiðabúar er sjálfstætt félag og starfar samkvæmt eigin lögum ásamt lögum og markmiðum Bandalags íslenskra skáta. Hlutverk félagsins er m.a. að efla og þroska börn og ungt fólk til að verða sjálfstæðir, virkir og ábyrgir einstaklingar í samfélaginu.

3. Fjármál og gagnkvæmar skyldur.

Við undirritun samnings skulu Heiðabúar leggja fram áætlun um helstu verkefni og áherslur í barna- og unglingastarfi á tímabilinu. Félagið skal í áætlunum sínum setja fram skýr markmið um starfsemina, tillögur að settu marki og hvernig skuli staðið að mati á árangri.

Samvinna skal vera á milli Heiðabúa og MÍT um stefnumörkun í skátastarfinu, þar sem m.a. verði komið inn á áherslur og markmið beggja aðila.

• Á gildistíma samningsins greiðir MÍT Heiðabúum **kr. 1.430.000.-** vegna eftirfarandi:

- A) **Þjóðhátíðardagur** vegna skrudgöngu og fánahyllingar. **kr. 200.000.-**
- B) **Ljósanótt** vegna uppsetningu á tjaldbúðum og kynningu á starfsemi félagsins. **kr. 150.000.-**
- C) **Þrettándafagnaður** vegna skrudgöngu, kyndilburðar og til hlutverkaleikja í skrudgöngu og við álfabrennu. **kr. 100.000.-**
- D) **Sumardagurinn fyrsti**, m.a. vegna aðstöðu í Reykjaneshöll og hátíðarhalda sem þeir skipuleggja á þessum degi, þ.m.t. skrudganga **kr. 100.000.-** (+ dagsleiga í Reykjaneshöll ef óskað er)
- E) **Smíðavöllur**. Rekstur samkvæmt samningi við Vinnuskólann. **kr. 480.000**
- F) **Efling á innra starfi** í Heiðabúum og kynningarstarfa. **kr. 200.000.-**
- G) **Leiðtogaþjálfun og fræðsla** fyrir skátaforingja. **kr. 200.000.-**

Viðbótarstyrkur:

- H) **Niðurfelling fasteignagjalda** á skátahúsinu við Hringbraut. **kr. 361.108**
- I) **Sláttur og umhirða** á lóð skátahússins við Hringbraut. **kr. 100.000.-**

Heildarupphæð samnings er : kr. 1.891.108

4. Gildistími samnings.

Samningur þessi gildir frá undirritun hans til 31. desember árið 2006.

Hvor aðili um sig getur óskað eftir endurskoðun á samningnum innan þess tíma.

Reykjanesbæ _____ 2006.

Fyrir hönd MÍT

Fyrir hönd Heiðabúa
